Stefnumótun Framsýnar – stéttarfélags

15. janúar 2011

FRAMSÝN
STÉTTARFÉLAG ÞINGEYINGA

Skýrsla þessi er tekin saman af starfsmönnum Alþýðusambands Íslands undir stjórn Eyrúnar Bjarkar Valsdóttur deildarstjóra fræðsludeildar MFA

Stefnumótun Framsýnar-stéttarfélags

Markmið fundarins var að fá fram með skipulögðum hætti viðhorf og væntingar þátttakenda til uppbyggingar og skipulags félagsins.

Um 100 manns úr hópi félagsmanna Framsýnar, víðsvegar af félagssvæðinu, var boðin þátttaka. Bæði var um að ræða fólk sem stundað hefur félagsstörf fyrir félagið í stjórnum og ráðum auk almennra félagsmanna. Alls mættu rétt tæplega 50 manns en markmiðið var að ná 40 félagsmönnum eða fleiri. Fundurinn hófst kl. 11:00 með því að Aðalsteinn Á. Baldursson formaður Framsýnar bauð alla velkomna og í framhaldi af því fór hann yfir stöðu félagsins. Aðalmarkmið Framsýnar er að standa vörð um hagsmuni félagsmanna og tilgangur þessa fundar var m.a. að athuga hvort félagsmönnum finnist það hafa tekist og/eða hvort gera megi betur. Kannanir hafa sýnt að félagið hefur hingað til verið á réttri leið og almenn ánægja er með starfsemi félagsins. Til að sú starfsemi og ánægja félagsmanna haldist er mikilvægt að heyra raddir félagsmanna og ábendingar og er þessi stefnumótunarfundur liður í því. Eftir kynningu Aðalsteins tók Eyrún Valsdóttir frá ASÍ við og fór yfir skipulag fundarins. Þátttakendum var skipt í 4 hópa og farnar voru þrjár umferðir. Öll borðin fjölluðu um sama viðfangsefni samtímis. Unnið var eftir aðferðarfræði sem heitir Miðlunaraðferðin. Aðaleinkenni aðferðarinnar er að umræðurnar verða sýnilegar, málefnið er alltaf í miðpunkti en ekki það hvað hver leggur þar til. Viðfangsefni, umræður og ákvarðanir hópsins eru settar á töflu af hópstjóra sem hefur það hlutverk að fá hópinn til að vinna saman og setja sameiginlega fram niðurstöður. Hópstjórar voru fjórir; Ása Jónsdóttir, Henný Hinz, Dalla Ólafsdóttir og Eyrún Valsdóttir, starfsmenn Alþýðusambands Íslands. Skipaðir voru ritarar í hverjum hópi sem tóku niður umræður.

Þær spurningar sem unnið var með voru eftirfarandi:

1. Hver er staða félagsins í dag?
2. Hverjir eru styrkleikar og veikleikar félagsins?
3. Hvert á félagið að stefna?

Í fyrstu umferð (Hver er staða félagsins í dag?) fengu allir þátttakendur miða sem þeir skrifuðu a.m.k. 3 atriði á sem síðan var safnað saman og þeir stokkaðir. Þá las hópstjóri af miðunum samhliða því sem þeir voru settir á töfluna. Þegar allir miðarnir voru komnir voru þeir flokkaðir eftir viðfangsefni. Eftir það voru búnir til yfirflokkar á sérstaka miða. Meðan á flokkun stóð voru umræður sem ritaðar voru niður. Í lok fyrstu umferðar kynnti ritari niðurstöður hópavinnunnar. **Í annarri umferð** (Hverjir eru styrkleikar og veikleikar félagsins?) voru allir beðnir að skrifa á miða bæði styrkleika og veikleika og svo flokkað í tvo flokka. **Þriðja umferð (**Hvert á félagið að stefna?) var unnin eins og sú fyrsta nema í lokin var töflunum stillt upp í anddyri og hver og einn þátttakandi fékk 5 límmiða sem hann límdi á þau atriði sem honum fundust mikilvægust. Þar fengu þátttakendur tækifæri til að skoða niðurstöður annarra hópa og greiða atkvæði. Að lokum voru myndir teknar af töflunum.

Borð 1 – hópstjóri: Ása ASÍ

Hver er staða félagsins í dag?

Miðar:

ÁNÆGJA		GAGNRÝNI	ÓSKIR	NAUÐSYNLEG STEFNA
Virkilega góð þjónusta	Félagið er með góða þjónustu á skrifstofu	Virkja þarf félagsmenn til starfa	Virkja trúnaðarmenn	Efla verkalýðspólítiska vitund
Staðan er frekar góð á félagssvæðinu	Gott að leita til félagsins	Félagssvæðið er viðfermt og félagið þarf að vera öflugra í að virkja fleiri félagsmenn utan Húsavíkur	Nær félagið til allra félagsmanna?	Auka skilning unga fólksins á fjármálum
Staða félagsins er góð	Góð kynning á starfi og starfsemi félagsins	Gott félag en vantar að virkja fleiri til starfa	Félagið þarf að vera sýnilegra á jaðarsvæðum	Gagnkvæm ábyrgð á vinnumarkaðnum
Starfsmenn félagsins viljugir að koma á vinnustaði	Góðir starfsmenn	Félagsmenn ekki virkir	Mætti vera sýnilegra á vinnustöðum	Koma að kynningu á fjármálum í framhaldsskólum og eða yngra fólki
Ég er mjög ánægður með störf stjórnar félagsins			Nokkuð gott, þó má gera betur	Virkja unga fólkið, stofna ungliðahóp
Mikil þekking og reynsla			Mætti vera öflugra að koma upplýsingum um gang kjarasamninga á framfæri við félagmenn	Kynna starfsemi félagsins fyrir unglingum
Mjög sýnilegt félag			Kynna betur réttindi félagsmanna	Taka stefnuna á að fræða og virkja unga fólkið
Staðan góð og öflug			Gott væri að heimsækja vinnustaði meira	
Fjárhagslega sterkt félag				
Góð tenging milli stjórnar og félagsmanna				

Fundargerð:
Umræðan snérist aðallega um unga fólkið, fræða það um réttindi sín og skyldur gagnvart bæði félaginu og vinnuveitendum. Hvort verið sé að greiða þeim rétt laun, kenna þeim úrlestur launaseðla. Fjármálalæsi og fræðslu um verkalýðsmál inn í framhaldsskólana, auglýsum eftir námsefni. Í framhaldinu var svo rætt um hversu erfitt væri að efla almenna félagsmenn. Fólk mjög félagsfælið. Tillaga um starfsstétta fundi t.d. skólaliðar, matvælageirinn o.s.frv. Virkja trúnaðarmenn á vinnustöðum betur til að koma á framfæri vilja starfsmanna. Einnig var rædd hin mikla og almenna ánægja með félagið og hversu mikils virði og styrkur það er fyrir félagsmenn. Velt var upp spurningu um hvort óánægðir félagsmenn komi skoðunum sínum yfirleitt á framfæri eða hvort þeir sitji bara heima? Komið var inn á kjaramál og hvort rétt væri að mennirnir á háu launununm væru þeir réttu til að semja fyrir okkur. Gagnrýni á verkalýðsforystuna – skortur á baráttuhug. Spurning um að fá einn fulltrúa af akrinum inn í samninganefnd. En síðasta orðið hafa þó félagsmenn sem hafa vald til að synja eða samþykkja kjarasamninga. Efla þarf verkalýðspólítíska vitund. Erum hluti af stærri heild en erum ekki alltaf sátt við miðstyringu og niðurstöður heildarinnar en það kallast lýðræði.

Samantekt umræðna:
Almenn ánægja með félagið, hæft áhugasamt og gott starfsfólk með viðtæka reynslu og þekkingu. Virkja félagsmenn til starfa með starfstengdum vinnufundum gegnum trúnaðarmannakerfið. Virkja og fræða unga fólkið um réttindi og skyldur og hvetja það til starfa og þátttöku í félaginu. Efla með ráð og dáð verkalýðspólítíska vitund.

Hverjir eru styrkleikar/veikleikar félagsins í dag?

Styrkleikar	Veikleikar
Mjög áhugasöm forysta, þjónusta til fyrirmyndar	Virkja fleiri,dreifa ábyrgð
Dugnaður, jákvæðni og þjónustvilji	Hefur félagið horft nógu vel til framtíðar? Framtíð félagsins liggur að stórum hluta til hjá unga fólkinu!!!
Starfsmenn alltaf tilbúnir að leysa málin	Fjöldi félagsmanna óvirkur, aðallega unga fólkið
Gott aðgengi að skrifstofu	Landfræðileg stærð félagssvæðisins
Öflug forysta	Þjálfa fleiri til forystu
Góð fjárhagsstaða	Lítil þátttaka félagsmanna í starfi félagsins
Gott starfsfólk	Efla unga fólkið
Styrkleiki felst í góðri þjónustu	Er unga fólkið
Áhugasamir stjórnendur	Lítil virkni ungs fólks
Mjög hæft starfsfólk	Óvirkni
Góð afgreiðsla mála	Mæta á vinnustaði
Góður rekstur, öflug forysta	
Þjónustulund	
Þekking og reynsla	

Hvert á félagið að stefna?

Miðar:

STEFNA	VERKLAG	???????????	ÞÖRF	1. MAÍ
Að hagur félagsmanna verði sem allra bestur, bæði launa- og samfélagslega	Velja í stjórn eftir hæfni, áhuga, kyni og landssvæði	Mótmæli stækkun félagssvæðisins	Íbúðakaup á Akureyri	Fyrsti mánudagur í maí
Finna leiðir til að virkja unga fólkið, t.d. linkur á heimasíðu	Hlutfallsveg dreifing á stjórnar og trúnaðarráðsmönnum af svæðinu	Eins og staðan er í dag, þá beina aðild að ASÍ	Kaupa orlofsíbúð á Akureyri	Halda veglega hátið sem höfðar til allra aldurshópa ☺
Byggja upp öfluga fræðslu fyrir unglinga, fjármál, atvinnumál ”Lífsleikni”	Dreifing og breidd innan forystu áfram í forgangi	Huga að stækkun félagsins		Halda veglega hátið
Gera félagið áhugavert fyrir unga fólkið	Mæta oftar á vinnustaði, hafa starfstengda vinnufundi			Halda kostnaði í lágmarki
Huga að kynbundnum launamun á félagssvæði og leiðir til úrbóta				Halda veglega uppá 1. maí
Ná einum ungliða í stjórn				Halda í það sem er í dag, metnaðarfulla dagskrá
Stefna að öflugu samstarfi við unga fólkið sem er á vinnumarkaðinum				Stóra og mikla hátið
Taka yngra fólk inn í stjórnir félagsins				Halda áfram sömu stefnu
Fá unga fólkið til þátttöku í félaginu				Sama stefna gagnvart 1. maí
Kynna öllum nýliðum á vinnumarði, réttindi og skyldur				Góður hefðbundinn, óhefðbundinn líka o.k.

Ná unga fólkinu til starfa				Góð kynning á félaginu sem ekki má hætta
Virkja unga félaga				
Stefna markvissara að aukningu á og virkjun unga fólksins				

Fundargerð:
Huga að virkni ungliða. Ná einum ungliða í stjórn. Ekki stækka félagið, það veldur minni virkni og minni nánd við félagmenn, eins og gerðist við stækkun kjördæma. Erum að reyna að dreifa ábyrgðarstöðum innan félagsins á félagssvæðið. Trúnaðarmannsstarfið er ekki alltaf vinsælt starf, er oft stuðpúði nöldurs og úrvinnslu niðurskurðar á vinnustöðum. Trúnaðarmannanámskeið eru haldin reglulega. Nauðsynlegt er að kaupa orlofsíbúð á Akureyri. Til að þjóna betur ásókn fólks í félagið þarf að breyta lögum þess. Huga þarf að kynbundnum launamun á félagssvæðinu og eyða honum. Mikilvægt að koma á fót ungliðahreyfingu til að þroska og efla næstu kynslóð sem kemur til með að taka við félaginu.

Samantekt umræðna:
Stefnumark hópsins: Að ná unga fólkinu til starfa í félaginu er mjög brýnt. Að hagur félagsmanna verði sem allra bestur bæði launa- og samfélagslega séð og útrýma kynbundum launamun. Byggja upp markvissa fræðslu unglinga um verkalýðsmál á áhugaverðan og nútímalegan hátt. Verklag: Dreifa sætum í stjórn og trúnaðarmannaráði um félagssvæðið og fá ungliða inn í stjórnirnar. Þörf: Íbúðakaup á Akureyri. Bein aðild að ASÍ.

Borð 2 – hópstjóri: Henný ASÍ

Hver er staða félagsins í dag?

Miðar:

Þjónusta við félagsmenn	Sterk fjárhagsstaða	Sýnileiki	Velferð félagsmanna	Virkni
Hefur styrk af mjög góðu starfsfólki og samviskusömu	Staða félagsins er mjög traust fjárhagslega	Aðalfundur ekki auglýstur nóg	Styður við fólk í margskonar erfiðleikum	Öflug starfsemi
Virk, gott aðgengi að starfsmönnum	Fjáhagslega góð, segir sitt	Góðar upplýsingar til félagsmanna	Góður styrkur og stuðningur við félagsmenn bæði í peninga-styrkjum og félagslega	Góð samvinna – stjórn, trúnaðarm.ráð og trúnaðar-menn
Gott starfsfólk á skrifstofu	Sterk fjárhagsstaða	Upplýsingaflæði gott	Kemur sterkt inn í velferðar-mál	Eftirsótt að gerast félags-maður frá öðrum svæðum

Félagið er öflugt og gerir vel við sína félagsmenn	Staða félagsins er mjög góð að mínu mati	Það er borin virðing fyrir félaginu	Hugar að velferð sinna félagsmanna	Hefur góð tengsl við félagsmenn
Auðvelt að fá upplýsingar og ráð	Staða félagsins er góð	Félagið nýtur trausts		Það er ásókn í að gerast félagsmaður
Góð þjónusta við félagsmenn	Staðan er sterk	Félagið er virkt og opið		Virkni félagsmanna
Mjög sterkt í þjónustu hlutverki		Sýnileiki inn á við og utan		Samband við félagsmenn er gott
Góð þjónusta við félagsmenn		Gegnir veigamiklu hlutverki í samfélagsþjónustunni		
Langur þjónustutími		Félagið sýnilegt í umhverfinu		
Langur opnunartími á skrifstofu				

Fundargerð:
Ánægjulegt að sjá hversu mikil aðsókn er að gerast félagsmaður, dreifð búseta sýnir okkur það. Virkni félagsmanna; Hvernig getum við náð til þeirra? Aðalfundur er auglýstur illa, vantar frekari auglýsingar í dreifiritum á svæðinu (Hlaupastelpan/Mýflugan) Félagssvæðið (þingeyjarsýslur) er stórt og mikil fjarlægð við miðstöðina. Ásættanlegt væri að sjá 10% félagsmanna á aðalfundi (eru um 2200 félagsmenn) en mættu 30. Hafa fleiri kynningarfundi, t.d. samningafundi og leita leiða til að virkja fólk að sækja þá fundi. Hvernig er virkni trúnaðarmanna og hvað er hlutverk þeirra. Á sumum stöðum er boðuð „skyldumæting“ á fundi. Veltum þá fyrir okkur hver er lágmarksfjöldi félagsmanna á vinnustað til að fá trúnaðarmann (er ekki trúnaðarmaður á öllum stöðum) en hann er 5 félagsmenn og ef fleiri en 50 starfsmenn þarf 2 trúnaðarmenn. Stjórn og forysta félagsins er virk og sýnileg og það er brugðist fljótt og vel við og skiluð niðurstaða sem er mjög mikilvægt. Veltu fyrir okkur af hverju viðhorfið að vilja ekki nýta styrki osfrv v. skattamála (fólk lítur á þetta sem fyrirhöfn) sé ríkjandi en eru háværir um minnstu krónutölu í launahækkun. Hvað getum við gert til að ná til unga fólksins, þarf að vera sýnilegra gagnvart unga fólkinu að sækja um félagsaðild. Upplýsingar um trúnaðarmenn vinnustaða þarf að vera sýnilegri t.d. á vefsíðu félagsins.

Samantekt umræðna:

- Allir sammála um að staða félagsins er mjög sterk, félags- og fjárhagslega.
- Sýnileiki félagsins er mikill bæði inn á við og út á við, þar með talið á landsvísu.
- Góð þjónusta við félagsmenn, langur opnunartími og gott aðgengi að starfsfólki og unnið vel að öllum málum og fundnar lausnir á erindum.
- Auka þarf virkni félagsmanna.

Hverjir eru styrkleikar/veikleikar félagsins í dag?

Styrkleikar	Veikleikar
Virkni félagsins og gagnrýni á margt sem miður fer í þjóðfélaginu, fólk tekur eftir því.	Þátttaka hins almenna félagmanns í félagsstarfinu
Félagið er sterkt og þjónustulega og fjárhagsl.	Óvirkni yngri félagsmanna
Virkt starfsfólk og forysta	Sýnileiki á jaðarsvæðum
Félagið mjög sýnilegt	Þarf að virkja hinn almenna félagsmann
Fjárhagsstaða félagsins, þjónusta skrifstofu→þekking	Lítið ungmennastarf
Sýnileiki	„Of jákvæð“
Gott starfsfólk	Upplýsingagjöf réttindi/skyldur almenningur/trúnaðarmenn
Gott starfsfólk	Stærð svæðisins →jaðarsvæði
Starfsfólk / félagar	Virkni og unga fólkið
Góð þjónusta, fjárhagsstaða og stuðningur við félagsm.	Félagsmenn ekki nógu virkir
Starfsmenn fara í skóla og kynna unga fólkinu félagið	Stórt landssvæði
Styrkir til félagsmanna	Þörf á að virkja fleiri til starfa
Fjárhagsstaðan	Of stórt félagssvæði
Fjárhagur. Góð stjórnun félagsins. Þjónusta við félagsmenn	Fá félagsmenn til að vera virkir
Sterkir velferðarsjóðir	Þátttaka félagsmanna
Gott samstarf allra	Gera unga fólkið meðvitaðra um félagið
Sterk staða	Virkja alla félagsmenn
	Efla jaðarsvæðin

Hvert á félagið að stefna?

Miðar:

Virkni	Styrktarsjóðir	Stefna	Samstarf	Kynning
Fá meiri virkni félagsmanna – auka áherslu á launamál	Styrkja þá til vinnu sem eru fatlaðir – veita fleiri tækifæri	Gera betur	Vera vakandi yfir því hvort félaginu er betur borgið innan eða utan aðildar að sérsamböndum	Hlutverk stjórnar og ráða→hvert er það, hver er tengingin? inn á við / út á við. Hlutverk fulltrúa á jaðarsvæðium“svæðis-stjórar
Auka ferðir starfsfólks á vinnustaði til að virkja sem flesta til þátttöku	Þeir sem eru í hlutavinnu fái réttindi miðað við það – unglingar sem vinna 3 mánuði á ári fái rétt í sjóðum	Halda stefnunni/stefna hærra	Betri samvinna við önnur félög ekki síst á landsbyggðinni	Framsýn kynni starfsemi sýna meira
Að ná betri virkni hins almenna félagsmanns	Auka fjárstyrki til félagsmanna eins og hægt er	Halda sinni stefnu og ekki láta kæfa sína skoðun	Beina ASÍ og Starfsgreina-sambands-forystunni meira að hinum almenna félagsmanni – of langt á milli	Kynna starfið betur fyrir félagsmönnum til að virkja þá betur
Virkni: Viðburðir→nýir/eldri fari í umsjón félagsmanna, námskeið trúnaðar-manna að einhverju leiti fyrir félagsmenn	Endurskoða/samræma milli Framsýnar /Þingiðnar/STH í styrktarsjóðum. „Dummy“ listi um réttindi/skyldur	Halda sinni stefnu og ekki láta önnur félög hafa áhrif á stefnuna		
Virkni félagsm.→Hvernig? Meira hlutverk? Umsjón orlofshúsa í höndum félagsmanna/vinnustaða?		Halda áfram á sömu braut og gera betur		
Vekja fólk til umhugsunar og virkni		Jafna kynbundin launamun		
Reyna að fá fleiri á fundi		Halda áfram á svipaðri braut sem hefur reynst vel og stefna hærra		
Beina kröftum sínum að unga fólkinu, auka áhuga þeirra				

Orlofshús	1. Maí			
Orlofshús – reyna að fá hús á fleiri stöðum, víðar um landið	Vekja meiri athygli á 1.maí í dreifbýlinu			
Kaupa íbúð á Akureyri	1.maí verði fyrsta mánudag í maí. Fyrirkomulag á samkomu er gott. Mjög metnaðarfull			
Fleiri orlofsíbúðir þ.m.t. á Akureyri	Góður eins og hann er			
Fleiri orlofsíbúðir	Kostnaðurinn, svo ákvarðanatakan			
	Halda í óbreyttri mynd, spurning um að bjóða fleiri stéttar-félögum þátttöku			
	Halda áfram með svipuðu sniði en athuga aðkomu fleiri félaga			
	1.maí á að halda 1.maí en ekki færa frídaginn til. Annars er þá hægt að tala bara um frídag verkamanna			
	Mjög metnaðarfull dagskrá og til fyrirmyndar			
	Óbreytt hátíðarhöld			
	1.maí verði á sömu nótum og verið hefur			
	Hafa 1.maí veglegan			

Fundargerð:
Almenn sátt var um stefnu félagsins og sátt um að halda áfram á sömu braut. Samdóma álit að leita þurfi leiða til að virkja félagsmenn betur. Umræða um styrktarsjóðir – hlutverk og fjármögnun, árleg endurskoðun líkt og verið hefur. Nauðsynlet að skýra betur fyrir almenningi uppbyggingu verkalýðshreyfingarinnar og skipulag vinnumarkaðsins. Orlofshús – endurskoða stefnu félagsins, íbúð á Akureyri væri til hagsbóta fyrir félagsmenn. Almenn ánægja var með hátíðarhöld félagsins 1. maí og flestir á því að halda þeim með svipuðu sniði og verið hefur.

Samantekt umræðna:

- Halda áfram metnaðarfullri stefnu.
- Auka þarf virkni félagsmanna m.a. með því að ná til unga fólksins.
- Stöðug endurskoðun styrktarsjóða.
- Vera vakandi yfir samstarfi við önnur aðildarfélög.
- Endurskoðun stefnu um orlofshús, kaupa t.d. íbúð á Akureyri.
- Vinna betur saman, ekki reka hornin hvert í annað.

Borð 3 – hópstjóri: Dalla ASÍ

Hver er staða félagsins í dag?

Miðar:

Staða	Starfsfólk	Upplýsingaflæði	Jaðarsvæði	Ungt fólk
Ég er ánægð með félagið mitt	Viðmót starfsfólks félagsins er í mjög góðu lagi gagnvart þeim sem leita ráða og stuðnings um sín mál	Upplýsingaflæði er mjög gott á heimasíðu félagsins og í fréttabréfi	Mætti sinna jaðarbyggðum heldur meira	Fræðsla til ungs fólks góð
Staða Framsýnar er ágætlega sterk í huga samfélagsins hér, alltaf er þó hægt að gera betur. Til þess er fullur vilji af hálfu forystunnar.	Starfsfólk stendur sig vel miðað við aðstæður	Bæta upplýsingaflæði	Félagssvæði mætti ekki stækka. Áhyggjuefni: Nú þegar er oft erfitt að ná í upplýsingar	
Félagið er mjög sýnilegt félagsmönnum	Starfsfólk stendur sig vel	Upplýsingar á heimasíðu einsleitar	Jaðarsvæði frekar útundan	
Mjög ánægðir með starf félagsins	Starfsmenn félagsins eru framúrskarandi			
Staða góð	Starfsmenn standa sig vel			
Góð	Formaðurinn virkur og vinnur vel fyrir fólkið		Styrkir	Opnunar tími
Félagið mjög gott og sýnilegt	Starfsfólk skrifstofunnar mjög metnaðarfullt		Ath. Að styrkir séu ekki veittir út og suður. Þarf að setja skýrar reglur	Opnunartími skrifstofu miðast við þarfir fólksins
Nokkuð sáttur við félagið í dag.			Styrkir mættu vera betur hugsaðir	
Þarf að vera sýnilegra				

Tel félagið standa sig mjög vel, upplýsingaflæði gott, styrkveitingar góðar				
Félagið sterkt, sýnilegt.				

Fundargerð:
Rætt um að jaðarsvæði væru frekar útundan. Félagssvæði mætti ekki stækka, það væri áhyggjuefni nú þegar oft er erfitt að ná í upplýsingar. Þá kom fram það sjónarmið að upplýsingar á heimasíðu væru einsleitar en aðrir bentu á að upplýsingaflæði væri mjög gott.

Rætt um að þyrfti að hugsa styrkveitingar til samfélgsins betur, ættu ekki að vera út og suður og eins þyrfti að kynna betur þessar styrkveitingar og mögleika á að fá slíka styrki. Þó var líka ánægja með styrkveitingar.

Almennt kom fram ánægja með stöðu félagsins sem var að áliti fundarmanna með sterka stöðu. Starfsfólk skrifstofunnar væri mjög metnaðarfullt. Formaðurinn vinnur vel fyrir fólkið sitt.

Fram komu allnokkrar áhyggjur af stöðu ungs fólks. Þyrfti að virkja það betur, kveikja áhuga þess á verkalýðshreyfingunni og fá það til að starfa fyrir félagið sitt.

Samantekt umræðna:
Almenn sátt og jákvæðni í garð félagsins. Starfsfólk skrifstofunnar stendur sig mjög vel í verkefnum sínum. Nauðsyn er á því að sinna jaðarsvæðum félagsins betur. Unnið er að betri og bættri heimasíðu. Skoða betur stefnu styrkveitinga af ýmsum toga. Staða ungs fólks innan félagsins rædd.

Hverjir eru styrkleikar/veikleikar félagsins í dag?

Styrkleikar	Veikleikar	Bæði
Jákvæð ímynd í huga félagsmanna. Fjárhagslega öflugt	Nær ekki nógu vel til ungs fólks og alltof lítil fundarsókn og þátttaka í félagsstarfinu	Smæðin
Formaðurinn vel þekktur	Félagssvæðið of stórt (víðfemt). Bæta þjónustu á jaðarsvæðum	
Félaginu vel stjórnað og stendur því vel.	Lítil þátttaka ungs fólks	
Mjög góð þjónusta	Félagsþroski félagsmanna	
Sýnileiki og þátttaka í samfélaginu	Lítil dreifing á aldri stjórnarmanna	
Stjórn og starfsfólk	Vantar ungt fólk til starfa	
Þjónustan góð	Hinn almenni félagsmaður ekki nógu virkur	
Félagið stendur vel fjárhagslega	Vantar fleira ungt fólk	
Góð þjónusta	Unga fólkið ekki sýnilegt í félaginu	
Gott að ná í starfsfólk á skrifstofu	Léleg mæting hins almenna félagsmanns	
Fjárhaglega vel statt		
Ábyrgt starfsfólk		
Styður vel við sitt fólk		
Félagið vel kynnt		
Góður stuðningur við félagsmenn		
Gott starfsfólk		
Fjárhagsstaða góð		
Góðir stjórnendur og starfsfólk		
Sterk forysta		
Félagið vel sýnilegt. Útgáfa fréttabréfs		

Hvert á félagið að stefna?

Miðar:

Samstarf	Stækkun	Landssambönd	Upplýsingaflæði	Pólitík
Samstarf og samskipti við önnur stéttarfélög ættu að aukast	Opið fyrir stækkun	Aðild að landssamböndum af hinu góða	Fjölga fréttabréfum	Ekki blanda okkur í pólitík og taka afstöðu með einum flokk frekar en öðrum
Efla samstarf innan verkalýðsfélaga	Vera jákvæð fyrir stækkun til Þórshafnar		Halda áfram að styrkja sitt svæði, t.d. að auka upplýsingaflæði og virkja betur tengiliði á jaðarsvæðum	
	Stækka félagssvæðið með opnun félagafrelsis		Upplýsingaflæði. Setja upp póstlista. Senda fréttapunkta í tölvupósti – vísa í heimasíðu	
			Gefa oftar út fréttabréf, sérstaklega fyrir þá sem eru ekki nettengdir	
			Auka útgáfu á fréttabréfum	

Forgangur	Stjórn félagsins	Framtíðarsýn	Félagsmenn	Ungt fólk
Félagið á ekki bara að vera lífsgæðafélag sem greiðir niður detox og líkamsrækt. Ekki gleyma því sem máli skiptir	Auka hlut ungs fólks og kvenna í stjórn er nauðsyn	Til framtíðar með bjartsýni og dug í farteskinu	Gera vel við félagsmenn	Hvetja unglinga til þátttöku
	Í stjórn á að velja eftir hæfni	Vera vel vakandi	Halda áfram að gera vel við sína félagsmenn	Efla þátttöku ungs fólks með kynningu

	Auka aldursdreifingu stjórnar	Erum á réttri leið – ekki þörf á að breyta um stefnu		Reyna að efla ungt fólk til starfa og halda lengur í eldra fólkið, því það hefur komið okkur þangað sem við erum
		Þarf alltaf að vera á tánum. Fræðsla nr. 1, 2 og 3.		
		Vera áfram virkt í umræðunni.		

1. maí	Atvinnurekstur	Trúnaðarmenn
1. maí hátíðarhöld eiga að vera vegleg	Félagið á ekki að vera þátttakandi í atvinnufyrirtækjum nema að litlu leyti	Virkja trúnaðarmenn
Vegleg hátíðarhöld 1. maí	Ekki þátt þátt í atvinnurekstri	
Hafa 1. maí áfram eins og það hefur verið		
Mikil ánægja með 1. maí eins og hann er		
1. maí má ekki gleymast því það er okkar dagur og við eigum að hafa hann grand.		
1. maí á að vera áfram veglegur		
1. maí: Halda áfram að hafa hann veglegan og vinna áfram að undirbúningi í sjálfboðavinnu		

Fundargerð:
Hópurinn almennt mjög ánægður með félagið. Félagið er á réttri leið, þátttakendur eru bjartsýnir á framtíðina. Þarf þó ávallt að vera á tánum. Fræðsla mikilvæg og gera vel við félagsmenn. Fram kom vilji fólks til að styðja við sitt svæði með auknu upplýsingaflæði, virkja betur tengiliði á jaðarsvæðum og fjölga fréttabréfum. Í stjórn eigi að velja eftir hæfni, óháð kyni en kom fram þó vilji til að auka hlut ungs fólks og kvenna í stjórn. Finna þarf leiðir til að efla áhuga ungs fólks og fá það til starfa. Líka mikilvægt að halda í eldra fólkið.
Allir sammála um að hafa 1. maí sem veglegastan og gera það grand.

Samantekt umræðna:
Húrra fyrir 1. maí
Óskir um að fréttabréf komi út oftar.
Feta áfram á sömu braut. Finna leiðir til að ná betur til unga fólksins. Hvað varðar þátttaku af einhverju tagi í atvinnurekstri voru skiptar skoðanir. Stjórnarseta eigi að byggjast á áhuga og félagsvirkni. Huga að stækkun félagssvæðisins?

Borð 4 – hópstjóri: Eyrún ASÍ

Hver er staða félagsins í dag?

Miðar:

Þjónusta	Félagið/stjórn	Styrkir og gjafir	„Túdú“
Gott aðgengi að þjónustu	Standa vörð um félagsmanninn en ekki fjámuni	Gott að hafa aðgengi að íbúðum í Reykjavík	Kynna starfsmennt betur
Auðvelt aðgengi að starfsmönnum skrifstofu	Félagið er gott og aðgengilegt	Orlofskostir félagsins góðir	Mætti nýta okkur öryrkja meira í félagsstarf
Starfsfólk stendur sig mjög vel	Fjárhagslega góð staða	Gott að geta sótt í sjóði félagsins	Vantar fólk í stjórn úr syðri sveitum félagsins
Góð þjónusta við félagsmenn	Gott aðgengi að formanni	Endurmenntunarsjóður í góðu lagi	Vantar meira vægi milli staða – norður – suður
Gott að leita til starfsmanna félagsins	Góð – muna samt að sofna ekki á verðinum	Sýna öldruðum félagsmönnum virðingu – gullmerki	Passa vægi svæða
Öflug starfsmenntun	Skýr stefna	Framsýn er ekki líknarfélag	Kynna viðburði vel fyrir félagsmönnum
Fínt starfsfólk félagsins á skrifstofu	Gott	Fara varlega í gjafir – hugsa um nærumhverfið	Mætti fjölga vinnustaðaheimsóknum – verða reglulegri
Gott viðmót á skrifstofu	Ánægður með félagið eins og það er	Fara varlega í styrki og gjafir	Jafna hlut jaðarbyggða
Starfsmenn félagsins frábærir	Rekstur félagins góður		Styrkja trúnaðarmenn í sínum störfum
Opnunartími skrifsofu góður	Stuðningur við félagsmenn frábær		Opna félagið fyrir fólki sem vill koma hingað
Auðvelt að ná sambandi og fá úrlausn mála	Staða félagsins er góð		Gera kröfur á ASÍ um að reikna út lágmarkslaun
Góð þjónusta	Góð! Traust!		Halda vel utanum starfsfólk þar sem ekki eru trúnaðarmenn
Skilmerkilegt fréttabréf	Stjórn virðist sterk og trúnaðam. ráð (fjölbreyttur hópur)		Vantar fleiri vinnustaðaheimsóknir
Góð heimasíða			
Gott upplýsingaflæði			
Gott að koma og spjalla á skrifstofunni			

Fundargerð og samantekt umræðna:
Almennt eru allir sáttir við félagið og þjónustu þess. Stjórn félagsins og fjárhagur traustur. Upplýsingar eru góðar. Huga þarf að vinnustaðaþjónustu, jafnvægi á félagssvæðinu og virkja öryrkja í félagsstarfinu. Um styrkjamál þarf að fara varlega og gæta að jafnræði. Setja þarf upp einhver viðmið í gjafastefnu. Verðum að líta okkur nær, erum stéttarfélag en ekki líknarfélag – stéttarfélög eiga að styrkja nærumhverfið og sinna öllu svæðinu jafnt.

Hverjir eru styrkleikar/veikleikar félagsins í dag?

Styrkleikar	Veikleikar
Litlar breytingar í stjórn	Litlar breytingar í stjórn – vantar frá jaðarsvæðum
Sterkir sjóðir	Stórt svæði
Félagið stendur vel við bakið á sínum félagsmönnum	Starfssvæðið vífemt – erfitt yfirferðar
Góðir félagsmenn, sterkt vel gefið fólk	Stærð svæðisins
Virðing á landsvísu	Efla unga fólkið meira
Öflugur formaður	Vantar fleiri almenna félagsmenn á almenna fundi
Gott starfsfólk á skrifstofu	Stórt félagssvæði – vont að þjónusta svæðið
Góð þjónusta	Vantar að hinn almenni félagsmaður sé virkari
Kemur vel út úr könnunum	Ekki jafnvægi í stjórnum, suður – norður
Gott aðgengi að skrifstofunni	Vantar ungt fólk í félagið
Gott aðgengi að félaginu	Standa betur uppí hárinu á stjórn ASÍ
Sterkt félag	Vantar unga fólkið til starfa
Fólk er sátt við félagið	Vantar fólk úr jaðarbyggðum í stjórn og ráð
Flestir sáttir við félagið	Passa betur uppá jaðarbyggðir
Gott starfsfólk – jákvætt hugarfar	Fámenni gagnvart vægi á stórum fundum ASÍ og SGS
Öflugt félag	
Gott félag með góðri þjónustu	

Hvert á félagið að stefna?

Miðar:

Til bjartrar framtíðar	Jaðarsvæði	Sjálfstæði félagsins	Félagsstarf	Upplýsingar
Félagið er frábært en alltaf má gera betur	Starfsstöðvar á jaðarsvæði (yfir sumarið)	Halda áfram sjálfstæði félagsins gagnvart ASÍ og SGS	Efla heimsóknir á vinnustaði	Áfram góðar uppl.veitur – fréttabréf – heimasíða – góð þjónusta á skrifstofu
Til bjartrar framtíðar	Jafna vægi af svæðinu í stjórn og varastjórn	Auka aðahald við SGS og ASÍ	Efla trúnaðarmenn á vinnustöðum	Fleiri rýnihópafundi
Vera áfram virkt í að viðhalda góðri þjónustu	Auka vægi jaðarbyggða í stjórn og ráðum félagsins	Minna samstarf við ASÍ Í samningum	Fá unga fólkið til starfa	Fleiri kannanir meðal félagsmanna
Áfram á sömu leið	Auka við þjónustu á jaðarsvæðum, t.d. fasta daga í mánuði		Opna félagið meira fyrir öryrkja og fá þá meira til starfa	Auka kynningu fyrir yngri félagsmönnum
	Hafa öfluga fulltrúa í hverju héraði		Stefna að því að sinna félögum sem hættir eru á vinnumarkaði (aldur – slys – heilsa)	Fleiri fundi með sama sniði og þennan
	Velja í stjórn í beinum kosningum		Fá fleira ungt fólk til starfa fyrir félagið	Hafa svona fundi oftar! það bætir félagið
	Hafa jafnvægi í stjórnum og ráðum miðað við svæði félagsins			
	Fjölga starfsstöðum, tengiliðum á jaðarsvæðum			
	Hafa fulltrúa úr jaðarbyggðum með í stjórn			
Orlofshús og kostir	Stækkun félagsins	1. maí	Lífeyrissjóðir	
Aðgengi að orlofsíbúð á Akureyri	Stækka félagssvæðið	1. maí – fínt eins og það er	Færa stjórn til sjóðsfélaga í lífeyrissjóðum	

Hafa oftar skipti við önnur félög á orlofshúsum	Frekari opnun inn í félagið	1. maí góður	Fækka lífeyrissjóðum	
Fjölbreyttari orlofskosti og orlofsstyrki	Sameinast verkalýðsfélaginu á Þórshöfn	1. maí – sami háttur á	Fá meiri sýnileika í rekstri sjóðanna	
Orlofsíbúðir. Selja Freyjugötu og fara úr 101 – kaupa annað	Stækka félagið, opna það fyrir fólki utan sýslu	1. maí – halda áfram sömu braut		
	Sameinast í Þineyjarsýslu	1. maí hátíð – halda áfram með núverandi en óhrædd að gera breytingar		
	Styrkja vinnustaðaheimsóknir	1. maí í góðum gír		

Fundargerð og samantekt umræðna:
Til bjartrar framtíðar. Stækka og efla félagið í Þingeyjarsýslum. Efla sjálfstæði félagsins og þjónustu í jaðarbyggðum. Ánægja með 1. maí hátíð. Fleiri og sveigjanlegri orlofskerfi. Laða ungt fólk til þátttöku og starfa. Vantar aðila í stjórn frá jaðarsvæðum. Auka þarf starfsemi á jaðarsvæðum og koma á einhverskonar fyrirkomulagi sem hentar, en í sumum tilfellum eru svæðin það lítil að erfitt getur reynst fyrir suma að sinna starfinu þar sem „allir þekkja alla“ á sama tíma getur verið erfitt fyrir einhvern sem ekki þekkir til. Fara þarf bil beggja.

Atkvæðagreiðsla:

13 atkvæði	Að hagur félagsmanna verði sem allra bestur, bæði launa- og samfélagslega
12 atkvæði	Hvetja unglinga til þátttöku
11 atkvæði	Hafa jafnvægi í stjórnum og ráðum miðað við svæði félagsins
10 atkvæði	Halda áfram sjálfstæði félagsins gagnvart ASÍ og SGS
10 atkvæði	Kaupa íbúð á Akureyri
9 atkvæði	Hafa svona fundi oftar! það bætir félagið
8 atkvæði	Íbúðakaup á Akureyri
7 atkvæði	Beina ASÍ og starfsgr. samb. Forystunni meira að hinum almenna félagsmanni of langt á milli
7 atkvæði	Félagið er frábært en alltaf má gera betur
6 atkvæði	Huga að kynbundnum launamun á félagssvæði og leiðir til úrbóta
6 atkvæði	1 maí góður
6 atkvæði	Stefna að því að sinna félögum sem hættir eru á vinnumarkaði (aldur – slys – heilsa)
5 atkvæði	Mótmæli stækkun félagssvæðisins
5 atkvæði	Fleiri rýnihópafundi
5 atkvæði	1.maí verði á sömu nótum og verið hefur
5 atkvæði	Efla þátttöku ungs fólks með öflugri kynningu
5 atkvæði	Virkja trúnaðarmenn
4 atkvæði	Stækka félagssvæðið
4 atkvæði	Fá meiri virkni félagsmanna – auka áherslu á launamál
4 atkvæði	Betir samvinna við önnur félög ekki síst á landsbyggðinni
4 atkvæði	Hlutverk stjórnar og ráða→hvert er það, hver er tengingin? inn á við / út á við. Hlutverk fulltrúa á jaðarsvæðium"svæðis-stjórar
3 atkvæði	Kynna starfið betur fyrir félagsmönnum til að virkja þá betur
3 atkvæði	Halda áfram á sömu braut og gera betur
3 atkvæði	Kostnaðurinn, svo ákvarðanatakan
3 atkvæði	Fækka lífeyrissjóðum
3 atkvæði	Efla heimsóknir á vinnustaði
3 atkvæði	Fá unga fólkið til starfa
3 atkvæði	Erum á réttri leið ekki þörf á að breyta um stefnu.
3 atkvæði	Byggja upp öfluga fræðslu fyrir unglinga, fjármál, atvinnumál "Lífsleikni"
3 atkvæði	Gera félagið áhugavert fyrir unga fólkið
2 atkvæði	Hafa fulltrúa úr jaðarbyggðum með í stjórn
2 atkvæði	Efla trúnaðarmenn á vinnustöðum
2 atkvæði	Opna félagið meira fyrir öryrkja og fá þá meira til starfa
2 atkvæði	Stækka félagið, opna það fyrir fólki utan sýslu
2 atkvæði	Færa stjórn til sjóðsfélaga í leífeyrissjóðum
2 atkvæði	Reyna að fá fleiri á fundi
2 atkvæði	Halda sinni stefnu og ekki láta kæfa sína skoðun
2 atkvæði	Jafna kynbundin launamun
2 atkvæði	Vera vakandi yfir því hvort félaginu er betur borgið innan eða utan aðildar að sérsamböndum
2 atkvæði	Ekki taka þátt í atvinnurekstri

2 atkvæði	Vera vel vakandi
2 atkvæði	Félagið á ekki bara að vera lífsgæðafélag sem greiðir niður ditox og líkamsrækt. Ekki gleyma því sem máli skiptir.
2 atkvæði	Fyrsti mánudagur í maí
2 atkvæði	Finna leiðir til að virkja unga fólkið, t.d. linkur á heimasíðu
1 atkvæði	Auka vægi jaðarbyggða í stjórn og ráðum félagsins
1 atkvæði	Fleiri fundi með sama sniði og þennan
1 atkvæði	Aðgengi að orlofsíbúð á Akureyri
1 atkvæði	Sameinast í Þineyjarsýslu
1 atkvæði	Styrkja vinnustaðaheimsóknir
1 atkvæði	1. maí – halda áfram sömu braut
1 atkvæði	Orlofshús – reyna að fá hús á fleiri stöðum, víðar um landið
1 atkvæði	Að ná betiri virkni hins almenna félagsmanns
1 atkvæði	Virkni félagsm.→Hvernig? Meir hlutverk? Umsjón orlofshúsa í höndum félagsmanna/vinnustaða?
1 atkvæði	Styrkja þá til vinnu sem eru fatlaðir – veita fleiri tækifæri
1 atkvæði	Þeir sem eru í hlutavinnu fái réttindi miðað við það – unglingar sem vinna 3 mán á ári fái rétt í sjóðum
1 atkvæði	Halda áfram með svipuðu sniði en athuga aðkomu fleiri félaga
1 atkvæði	Mjög metnaðarfull dagskrá og til fyrirmyndar
1 atkvæði	Til framtíðar með bjarstýni og dug í farteskinu
1 atkvæði	Fjölga fréttabréfum
1 atkvæði	Upplýsingaflæði. Setja upp póstlista. Senda fréttapunkta á t-pósti – vísa í heimasíðu
1 atkvæði	Ekki blanda okkur í pólitík og taka afstöðu með einum flokk frekar en öðrum.
1 atkvæði	Halda áfram að gera vel við sína félagsmenn
1 atkvæði	Reyna að efla ungt fólk til starfa og halda lengur í eldra fólkið, því það hefur komið okkur þangað sem við erum
1 atkvæði	Halda veglega hátið sem höfðar til allra aldurshópa ☺
1 atkvæði	Ná einum ungliða í stjórn
1 atkvæði	Stefna að öflugu samstarfi við unga fólkið sem er á vinnumarkaðinum

Samantekin niðurstaða úr atkvæðagreiðlu

Þessi samantekt er unnin upp úr upplýsingum úr skýrslunni sem er á bls. 30-31 þar sem sambærileg atriði hafa verið dregin saman. Starfsfólk Skrifstofu stéttarfélagnna bera ábyrgð á þessari samantekt.

28 atkvæði	Þátttaka unglinga í starfi félagsins verði aukið
19 atkvæði	Kaup á orlofsíbúð á Akureyri
15 atkvæði	Að hagur félagsmanna verði tryggður
15 atkvæði	Rýnifundir um starfsemi félagsins verði haldnir reglulega
15 atkvæði	Hátíðarhöldin 1.maí verði á sömu nótum og verið hefur
14 atkvæði	Jafnvægi verði í stjórnum og ráðum miðað við starfssvæði félagsins
14 atkvæði	Félagið er frábært en alltaf má gera betur
12 atkvæði	Sjálfstæði félagsins gagnvart ASÍ og SGS verði tryggt
11 atkvæði	Fá meiri virkni félagsmanna
8 atkvæði	Huga að kynbundnum launamun á félagssvæði og leiðir til úrbóta
7 atkvæði	Forystu ASÍ og SGS verði beint meira að hinum almenna félagsmanni, of langt á milli
7 atkvæði	Virkja trúnaðarmenn
6 atkvæði	Sinna betur öldruðum og örykjum
6 atkvæði	Stækka félagssvæðið
5 atkvæði	Félagssvæðið verði ekki stækkað
4 atkvæði	Betri samvinna við önnur félög, ekki síst á landsbyggðinni
4 atkvæði	Hlutverk stjórnar og ráða→hvert er það, hver er tengingin? inn á við / út á við. Hlutverk fulltrúa á jaðarsvæðum "svæðis-stjórar".
4 atkvæði	Efla heimsóknir á vinnustaði
3 atkvæði	Kostnaðurinn, svo ákvarðanatakan
3 atkvæði	Lífeyrissjóðum verði fækkað
3 atkvæði	Auka fræðslustarfsemi fyrir unglinga
2 atkvæði	Opna félagið meira fyrir öryrkja og fá þá meira til starfa
2 atkvæði	Færa stjórn til sjóðsfélaga í lífeyrissjóðum
2 atkvæði	Vera vakandi yfir því hvort félaginu er betur borgið innan eða utan aðildar að sérsamböndum
2 atkvæði	Ekki taka þátt í atvinnurekstri
2 atkvæði	Félagið á ekki bara að vera lífsgæðafélag sem greiðir niður ditox og líkamsrækt. Ekki gleyma því sem máli skiptir.
2 atkvæði	Auka upplýsingaflæði til félagsmanna/fjölga fréttabréfum
2 atkvæði	Fyrsti mánudagur í maí verði hátíðsdagur verkalýðsins
1 atkvæði	Frekari sameining stéttarfélaga í Þineyjarsýslum
1 atkvæði	Boðið verði upp á orlofshús á fleiri landsvæðum
1 atkvæði	Fötluðum verði veitt fleiri atvinnutækifæri
1 atkvæði	Auka réttindi hlutavinnufólks í sjóðum
1 atkvæði	Til framtíðar með bjartsýni og dug í farteskinu
1 atkvæði	Ekki blanda okkur í pólitík og taka afstöðu með einum flokk frekar en öðrum.

Að lokum

Að loknum vel heppnuðum degi voru þátttakendur beðnir um að segja álit sitt með því að líma límmiða á töflur. Spurt var um tvennt: **Hvernig fannst ykkur dagurinn takast?** og **Er þörf á stefnumótunardegi eins og þessum?** Álit þátttakenda má sjá hér á næstu tveimur myndum.





Eins og sést á þessum niðurstöðum þá voru allir þátttakendur mjög ánægðir með daginn og vilja allir (fyrir utan einn) taka þátt í svona degi aftur. Jafnframt fannst félagsmönnum þeir vera þátttakendur í því að móta starfið og hafa áhrif á hvernig það fer fram. Það var afskaplega ánægjulegt að sjá hvernig andinn er í félaginu, hvað allir eru ánægðir með félagið sem segir manni, að vel er haldið utan um starfsemi þess. Niðurstöður hópavinnunnar í öllum umræðunum fjórum voru alltaf jákvæðar. Við hópstjórarnir vissum reyndar fyrirfram að mikil ánægja er með starfið í félaginu og starfsmenn þess, en þessum gríðarlega góðu niðurstöðum áttum við ekki von á.

Ef teknar eru saman helstu niðurstöður hópanna fjögurra kom fram að almenn ánægja er með félagið. Starfsfólkið er áhugasamt, með viðtæka reynslu og þekkingu og býr yfir ótvíræðri hæfni. Efla þarf með ráð og dáð verkalýðspólítíska vitund og virkja félagsmenn til starfa með starfstengdum vinnufundum gegnum trúnaðarmannakerfið. Þá þarf að ná til

unga fólksins og fræða það og virkja um réttindi og skyldur og hvetja það til starfa og þátttöku í félaginu. Leggja þarf áherslu á að hagur félagsmanna verði sem allra bestur bæði launa- og samfélagslega séð og útrýma kynbundum launamun. Gæta þarf að jafnvægi í setu félagsmanna í stjórn og trúnaðarmannaráði miðað við félagssvæðið og fá ungliða inn í stjórnirnar. Nauðsynlegt er að sinna jaðarsvæðum félagsins betur og efla þjónustuna á þeim svæðum. Þá var einnig rætt um íbúðakaup á Akureyri sem mörgum þátttakendum fannst að ætti að vera ofarlega á forgangslista. Skoða þarf betur stefnu styrkveitinga af ýmsum toga og jafnframt fara varlega og gæta að jafnræði.

Í framhaldi af þessum skipulagsfundi verður unnið með þær hugmyndir sem komið hafa fram. Á grundvelli niðurstöðu fundanna vinnur Framsýn - stéttarfélag svo tillögur að breytingum og bótum ef þörf er talin á. Hvernig þeirri vinnu verður háttað er alfarið í höndum Framsýnar.

Með kveðju og þökkum
Eyrún Valsdóttir
Dalla Ólafsdóttir
Henný Hinz
Ása Jónsdóttir